



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 04.02.2020

Kl.: 12:00

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Óvissustig vegna kórónaveiru (2019-nCoV)

Lýsing á atburði

Í lok desember 2019 bárust fregnir af alvarlegum lungnasýkingum í Wuhan-borg í Kína. Í kjölfarið var staðfest að um áður óþekkt kórónaveiruaafbrigði er að ræða, sem nú kallast 2019-nCoV. Staðfest er að veiran smitast á milli manna og að hún getur valdið alvarlegum veikindum.

Á Íslandi er unnið er samkvæmt óvissustigi, Landsáætlun- heimsfaraldur influensu. Ef svo ber undir má virkja Landsáætlun-sóttvarnir hafna og skipa, og Landsáætlun –alþjóðaflugvellir samhliða Landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu.

Virkjun á óvissustigi felur í sér aukið samráð viðbragðsaðila, meiri upplýsingamiðlun og áætlanir eru uppfærðar. Vegna umfangs þessa atviks hefur verið ákveðið að virkja Samhæfingarstöð almannavarna (SST) alla virka daga frá kl. 10:00 -16:00 og var stöðin formlega virkjuð þann 31.janúar.

Samráðsfundir eru frá og með 4. febrúar haldnir daglega í SST kl. 08.15 -09.00 Til þeirra eru boðuð öll áhöfn SST og aðrir eins og þurfa þykir.

Samantekt

- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- Embætti landlæknis / Sóttvarnalæknir. [Sjá upplýsingasíðu](#)
- Landspítalinn - smitsjúkdómadeild
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
- Rauði Krossinn
- Heilbrigðisstofnanir
- Heilsuvera
- Læknavaktin
- Flugsamgöngur um alþjóðaflugvelli og skipaumferð um skilgreindar hafnir
- Samtök atvinnulífsins og sérstaklega SAF.
- Utanríkisráðuneytið

Staða mála

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag 4. febrúar 2020 hefur sýking af völdum 2019-nCoV verið staðfest hjá um 20.626 einstaklingum og um 427 einstaklingar hafa látist (2,0%). Eitt dauðsfall af völdum veirunnar varð á Filippseyjum sem er eina dauðsfallið enn sem komið er utan Kína. Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 697 einstaklegar náð sér eftir veikindin.

Tilfellin sem greinst hafa eru frá Kína (20.458), Taívan (10), Taílandi (19), Ástralíu (12), Malasíu (8), Singapúr (18), Japan (20), Suður-Kóreu (16), Víetnam (9), Nepal (1), Filippseyjar (2), Shrilanka (1), Kambodía (1), Indland (3), Sameinuðu arabísku furstadæmin (5), Frakklandi (6), Þýskaland (12), Finnland (1), Ítalía (2), Bretland (2), Rússland (2), Spánn (1), Svíþjóð (1), Belgía (1), Bandaríkjunum (11), Kanada (4). Lang flest tilfellin eru upprunnin í Kína.

Sóttvarnalæknir mælir með að ferðamenn sleppi ónauðsynlegum ferðalögum til svæða þar sem faraldur nýrrar kórónaveiru 2019-nCoV er í gangi, sérstaklega Kína. [Nánar.](#)

[Sóttvarnalæknir mælir með að allir kynni sér efni um kórónaveiru á vef embættis landlæknis. Þar eru nýjar upplýsingar vistaðar daglega, sem og stöðuskýrslur.](#)

Utanríkisráðuneytið – sendiráð Íslands í Peking kemur boðum til Íslendinga í Kína ef koma þarf upplýsingum á framfæri. Sendiráðið hefur sett inn tilkynningar á samfélagsmiðla (sjá Facebook <https://www.facebook.com/utanrikisthjonustan/>) og vef þar sem fólki er bent á að skrá sig hjá borgaraþjónustunni á netfanginu help@mfa.is. Þannig fjölga sendiráðið þeim Íslendingum sem þau geta auðveldlega náð til ef þörf er á.

Ísland

- Á fundi sóttvarnalæknis með áhöfn samhæfingarstöðar almannavarna var í morgun rætt um áframhaldandi aðgerðir hér á landi og leiðir til að koma í veg fyrir að veiran berist hingað til lands. Aðgerðir stjórnvalda í Kína, lokun landsins og stöðvun á samgöngum virðist hafa áhrif á útbreiðslu veirunnar utan Kína, sem er jákvætt.
- Rætt var um aðgerðir sem fara í gang ef veiran greinis hér á landi og hvernig viðbragðsaðilar stemma stigu við frekari útbreiðslu. Lykilatriði er að greina snemma og grípa tafarlaust til viðeigandi ráðstafana.
- Hér á landi er fylgst vel með þróun mála og samhæfingarstöð er virk.
- Mikil áhersla er lögð á upplýsingamiðlun, að ná til þeirra sem hafa tengingu við Wuhan eða Kína og eru með einkenni í öndunarfærum. Ef grunur vaknar um tilfelli skal hringja í Læknavaktina í síma 1700 (fyrir erlend símanúmer +354 544-4113) þar sem veittar eru upplýsingar um hvernig á að nálgast heilbrigðiskerfið. Einstaklingar eru sérstaklega beðnir um að mæta ekki á bráðamóttöku sjúkrahúsa eða á heilsugæslustöðvar nema að fengnum ráðleggingum í síma.
- Smitleið er talin vera snerti- og dropasmit, svipað og influensa. Góð handhreinsun er mikilvægasta ráðið fyrir heilbrigða til að forðast smit. Handþvottur með vatni og sápu er æskilegastur ef hendur eru óhreinar, en hendur sem virðast hreinar en hafa komið við sameiginlega snertifleti s.s. hurðahúna, eða tekið við hlutum úr annarra höndum s.s. peningum eða greiðslukortum má hreinsa með handspritti. Eftir því sem raunhæft er er rétt að forðast náíð samneyti við einstaklinga sem eru með almenn kvefeinkenni, hnerra eða hósta. Grímur nýtast best þegar þeir sem eru veikir nota þær en einnig þegar náíð samneyti er óhjákvæmilegt, s.s. fyrir heilbrigðisstarfsmenn eða viðbragðsaðila í samfélaginu þegar þeir hlúa að veikum. Sjá nánar hér [Spurt og svarað á vef landlæknis.](#)
- Hlífðarbúnaðarlagar fyrir opinbert starfsfólk og lyfjalager sóttvarnalæknis hafa verið uppfærðir.
- Þarfragreiningu vegna húsnæðis fyrir einangrun/sóttkví er senn að ljúka. Einnig er unnið að því að leysa þjónustu við einstaklinga og bjargir ef að því kemur, s.s. sjúkraflutningar, heilbrigðisþjónusta og ýmis aðföng.
- Umdæmislæknar sóttvarna vinna í sínum umdæmum við undirbúning sem er hliðstæður þeim sem stendur yfir á höfuðborgarsvæðinu. Sitja þeir reglulega fundi með sóttvarnalækni.
- Á vef embættis landlæknis má nálgast margvíslega fræðslu, leiðbeiningar og upplýsingar fyrir almenning, heilbrigðisstarfsfólk og atvinnulífið. Sjá nánar <https://www.landlaeknir.is/koronaveira/>



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Samhæfir aðgerðir í samstarfi við embætti landlæknis / Sóttvarnalækni
Almannavarnastig er óbreytt: unnið er á óvissustigi- Landsáætlun um heimsfaraldur influensu.

Embætti landlæknis / Sóttvarnalæknir

Unnið að samræmingu aðgerða og leiðbeiningum og efni fyrir almenning, heilbrigðisstarfsfólk, ferðaþjónustuna og atvinnulífið. Leiðbeiningar eru uppfærðar þegar þurfa þykir. Staða hlífðarbúnaðar og lyfja yfirfarin og uppfærð.

Landspítalinn

Situr daglega samráðsfundi SVL með samhæfingarstöð, síðast þann 04.02. Sýkingavarnadeild hefur sett upp próf til að hreina veiruna. Tvö sýni voru prófuð um helgina og reyndust þau neikvæð. Ekki var sterkur grunur um smit. Ekki er mælt með að skima of snemma fyrir veirunni þar sem sýni eru ekki talin marktæk, ef þau eru tekin of snemma.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) / Heilsuvera.is

Umdæmis og svæðislæknar (Umd/Svæ)-SVL á höfuðborgarsvæðinu situr dagl. samráðsfundi með SVL. Unnið að uppfærslu viðbragðsáætlana, upplýsingamiðlun og viðbúnaði.

Alþjóðaflugvellir, Keflavík, Akureyri, Egilsstaðir og Reykjavík. Sóttvarnahafnir.

Fundað hefur verið með starfsfólki hafna og alþjóðaflugvalla um sýkingavarnir og farið yfir viðbrögð og upplýsingaflæði. Upplýsingum/einblöðungum er varðar smitgát er dreift á ensku og íslensku til ferðamanna. Fundað hefur verið með hafnarstjórum og umboðsmönnum skipa hafa verið sendar upplýsingar. Isavia miðlar upplýsingum innan flugstöðva alþjóðaflugvalla.

Ferðaþjónustuaðilar

Samráð við Ferðamálastofu sem dreifir upplýsingum í gegn um sína gagnagrunna til ferðaþjónustuaðila.

Heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni

Samráðsfundur SVL haldinn 03.02.

Læknavaktin

Símapijónusta 1700. Fyrir erlend símanúmer +354 544-4113. • Símtöl hafa gengið vel.

Miðlar upplýsingum og tryggir svörum 24/7. Hafa samráð við HH um að tryggja að gang að vakthafandi lækni á nóttunni. BMT í Fossvogi hefur tekið við slíkum erindum en í faraldri þarf að tryggja vitjun í heimahús allan sólarhringinn.

Rauði Krossinn

Parfagreiningu v/einangrunaraðstöðu fyrir ferðamenn í hverju sóttvarnaumdæmi.

Landsbjörg

Miðlar upplýsingum til ferðamanna á www.safetravel.is